



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Tíðniheimild Fjarskipta hf.
til notkunar tíðna á 1800 MHz tíðnisviðinu.
(Tíðniheimild I)**

15. ágúst 2016

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna og með vísan til lok framkvæmdar uppboðs, sem haldið var á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og lauk þann 13. mars sl., þar sem Fjarskipti hf. átti hæsta boð í tíðniheimild I, hefur PFS ákveðið að Fjarskipti hf. hafi heimild til notkunar á tíðnisviðinu 1758,9-1763,9/1853,9-1858,9 MHz eins og það er nánar ákvarðað í tíðniheimild þessari. Til fyllingar tíðniheimild þessari eru skilmálar uppboðs á tíðniréttindum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum sem lágu til grundvallar framangreindu uppboði. Skilmálarnir voru birtir á heimasíðu PFS þann 17. desember 2012.

1. gr. Úthlutun tíðna

Fjarskipti hf., kt. 470905-1740, (hér eftir nefnt tíðnirétthafi) hefur heimild til notkunar á tíðnunum 1758,9-1763,9/1853,9-1858,9 MHz að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimild þessari.

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita þjónustu sem tíðnirétthafi nýtir tíðnisviðið fyrir.

Heimildin er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

2. gr. Notkun tíðnisviðsins

Tíðnisviðið er tæknilega hlutlaust. Tíðnirétthafi skal upplýsa PFS fyrir hvers konar þjónustu hann hyggst nýta tíðnisviðið fyrir. Þá skal hann upplýsa PFS verði breytingar á þjónustu sem veitt er á tíðnisviðinu.

Nýting tíðnisviðsins skal vera skilvirk og hagkvæm. Skal tíðnirétthafi hefja notkun tíðnanna innan 18 mánaða frá útgáfu tíðniheimildar þessarar. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að afturkalla tíðniheimildina án skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðnirétthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfellt.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum sem sett eru á alþjóðavettvangi og PFS tekur mið af.

Sé tíðnisviðið notað fyrir háhraða farnetsþjónustu skal þjónustan vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá ETSI (m.a. EN 301908-13, EN 301908-14, EN 301908-11), 3GPP (m.a. EN 301908-1) og gildandi skilyrði frá CEPT ásamt ESB tilskipun 2009/114/EC, sbr. ESB ákvörðun 2009/766/EC ásamt ákvarðanir 2010/267/EU og 2011/251/EU. Sjá einnig leiðbeinandi reglur ITU, ITU-R M.2135-1 varðandi gæðaviðmið IP þjónustu.

Í þeim tilgangi að stuðla að hagkvæmri uppbygginu háhraðanetsþjónustu er Fjarskiptum hf. heimilt að samnýta tíðnir samkvæmt heimild þessari með tíðnum Nova ehf., sem jafnframt er heimilt að samnýta, þannig að samnýtt burðarbylgja verði að hámarki samtals 20 MHz.

3. gr.

Höfnun hringinga vegna truflana

Tíðnirétthafa er heimilt að hafna hringingum til og frá netinu sem valda truflunum í því. Einnig getur tíðnirétthafi hafnað hringingum til og frá stolnum farsímum.

Tíðnirétthafi skal afgreiða neyðarhringingar án tillits til þess hvort notendakortið (SIM kort) er í farsímanum og án tillits til stöðu áskriftarkortsins. Tíðnirétthafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsímum í neyðarnúmerið 112.

4. gr.

Upplýsingagjöf

Í sambandi við veitingu leyfis vegna tækjabúnaðar og úthlutun á tíðnum, sbr. 1. gr., skal tíðnirétthafi í umsóknnum sínum veita allar tæknilegar upplýsingar um tíðni, sendistyrk, loftnet (staðsetningu, hæð og tegund) o.s.frv., sem óskað er eftir.

5. gr.

Netbúnaður og truflanir

Allur kerfisbúnaður hlutaðeigandi þjónustu, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal vera í samræmi við viðurkennda staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá.

Allur radíóbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaður uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Tíðnirétthafi skal tryggja að búnaður á hans vegum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum. Ber honum að tilkynna PFS um truflanir sem honum eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því. PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Tíðnirétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans. Tíðnirétthafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varðar truflanir innan farsímakerfis.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur skaðlegum truflunum eða bannað notkun hans, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað tíðniheimild þessa.

6 gr.

Notendabúnaður

Tíðnirétthafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar stöðlum, sbr. 5. gr.

7. gr.

Fjarskiptavirki

Tíðnirétthafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radíóstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir samkvæmd tíðniheimild þessari, er háð samþykki PFS. Tilkynna skal fyrirfram til PFS um uppsetningu radíóstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radíóstöð, þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar og sendistyrk. PFS áskilur sér rétt til að

takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir.

8. gr.

Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samræmum við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðar leyfishafa skal vera í samræmi við tilmæli Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal leyfishafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá leyfishafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

9. gr.

Eftirlit með tíðnirétthafa

Tíðnirétthafi sætir eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu PFS, eins og nánar er kveðið er á um í ákvæðum laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. PFS er enn fremur heimlit að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. sömu laga, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega, allt eftir ákvörðun PFS og innan þeirra tímamarka sem stofnunin setur.

Sem hluta af eftirliti með starfsemi tíðnirétthafa og fjárhagstöðu getur PFS krafist þess að hann afhendi stofnuninni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda síns og aðrar sambærilegar upplýsingar.

PFS getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til þess að ætla að brotið hafi verið gegn lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti eða framangreindum lögum, nr. 69/2003, reglum eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga, nr. 88/2008, um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Tíðnirétthafi skal láta PFS í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. PFS getur

í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber tíðnirétthafa að svara þeim innan þess tíma sem stofnunin ákveður.

Tíðnirétthafi skal tilkynna PFS ef breyting er gerð á nafni hans, heimilisfangi eða fyrirsvari.

10. gr.

Breyting á ákvæðum heimildarinnar

PFS skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari, sbr. 12. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar sérstaklega stendur á. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum tíðnirétthafa samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

11. gr.

Afturköllun

PFS getur afturkallað heimild þessa ef tíðnirétthafi stendur ekki í skilum með greiðslu boðsfjár, rekstrargjalda eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef tíðnirétthafi stendur ekki við skilyrði um skilvirka nýtingu samkvæmt 2. gr. eða vegna brota á öðrum greinum heimildarinnar. Þá getur stofnunin afturkallað réttindi samkvæmt tíðniheimild þessari í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. en ekki eingöngu vegna alþjóðlegra samþykktu sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

12. gr.

Gildistími og breytingasaga

Heimild þessi gildir í 10 ár, þ.e. frá útgáfudegi, 3. apríl 2013, til og með 2. apríl 2023.

Breyting 15. ágúst 2016

Takmörkun á tíðnisamnýtingu bætt við 2. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. 5. mgr. hennar.

Fyrri tíðniheimid frá 3. apríl 2013 fellur úr gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 15. ágúst 2016

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Björn Geirsson